



Norðurá bs.
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 19.1.2024
UST202301-240/F.T.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 5. janúar 2024 þar sem fram kom að frávík hefðu verið skráð í eftirliti á á urðunarstað Norðurár bs í Stekkjarvík þann 24. október 2023. Óskað var eftir úrbótaáætlun vegna eins frávíks en var tveimur lokað í bréfinu. Þann 11. janúar 2024 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:

- Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Óheimilt er að urða spilliefni á urðunarstað. Árið 2022 voru urðuð 179,4 tonn af innihaldi úr olíuskiljum og sandföngum. Samkvæmt I viðauka reglugerðar nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, flokkast innihald úr olíuskiljum og fast efni úr sandföngum sem spilliefni. (Ath. feiti og olíublanda frá olíuskilju þar sem eingöngu er matarolía og -feiti er ekki flokkað sem spilliefni og ekki úrgangur úr sandfangi frá skólphreinsistöðvum). **Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að urðunarstaðurinn muni ekki taka við framangreindum efnum til urðunar. Skráning lífrænnar fitu úr fituskiljum verður sett í sérstakan flokk til aðgreiningar frá sandföngurum frá skólphreinsistöðvum.**

Rekstraraðili gerir viðbótarathugasemdir við frávikið og óskar eftir upplýsingum frá Umhverfisstofnun um hvert beina skuli þeim viðskiptamönnum sem vísað verði frá með mengaðan jarðveg eða innihald úr olíuskiljum og sandföngurum sem ekki sé heimilt að taka til urðunar. Mikilvægt sé að hafa skýrt verklag ef komi upp mengunarslys. Umhverfisstofnun tekur undir framangreint. Stofnunin bendir á að það er á ábyrgð sveitarfélaga að viðunandi farvegir séu til staðar fyrir úrgang innan sveitarfélagsins, sbr. 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Málið er í skoðun hjá stofnuninni og mun stofnunin vekja athygli Sambandi íslenskra sveitarfélaga á málinu. Einnig mun stofnunin gefa út leiðbeiningar um meðhöndlun

mengaðs jarðvegs, sbr. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna fráviksins verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikin ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur